



Reykjavíkurborg
b.t. Dags B. Eggertssonar, formanns borgarráðs
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Dagsetning 11. júní 2024
Málsnúmer FOR24060056

Ósk eftir tilnefningum í stýrihóp um virðismat starfa í þágu launajafnréttis

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. mars sl. í tengslum við kjarasamninga segir að til að útrýma launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum verði unnið að virðismatskerfi sem byggir á tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að innleiðing taki allt að þrjú ár og nýtt kerfi liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2026. Forsætisráðherra hefur ákveðið að skipa stýrihóp til að fylgja eftir yfirlýsingunni. Í stýrihópinn verða tilnefndir fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þess ráðuneytis sem fer með vinnumarkaðsmál, Samtaka atvinnulífsins, samtaka launafólks (ASÍ, BHM, BSRB og KÍ) og samtaka launagreiðanda á opinberum vinnumarkaði (ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga). Ráðuneyti jafnréttismála fer með forræði málsins.

Verkefni stýrihóps er gerð heildstæðs virðismatskerfis sem hafi launajafnrétti að leiðarljósi og taki mið af lögum, kjarasamningum og alþjóðlegum skuldbindingum. Leitað verði til Jafnlaunastofu um að taka verkefnið að sér í samstarfi við stýrihópinn. Stjórnvöld munu tryggja viðeigandi fjármögnun og ber stýrihópurinn ábyrgð á þróun virðismatskerfisins og það samræmist markmiðum um launajafnrétti, gæði opinberrar þjónustu og stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar.

Vinna við gerð virðismatskerfisins mun hefjast eigi síðar en 1. ágúst 2024 og skal miðað við að nýtt virðismatskerfi liggi fyrir í árslok 2026. Í kjölfarið verði kerfið innleitt í áföngum samkvæmt samkomulagi aðila.

Óskað er eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar eigi síðar en 1. júlí nk. Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, en þar segir að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

F.h. ráðherra
Benedikt Árnason

F.h. ráðherra
Steinunn Valdís Óskarsdóttir